



Verðbólgan lækkaði milli mánaða

Vísitala neysluverðs (VNV) hækkaði um 0,38% milli mánaða og mælist 12 mánaða verðbólga nú 3,3% samanborið við 3,6% í maí. VNV án húsnæðis hækkaði um 0,37% milli mánaða og mælist 3,0% verðbólga á þann mælikvarða samanborið við 3,1% í maí.

Niðurstaðan var í samræmi við væntingar, en opinberar spár lágu á bilinu +0,3% til +0,4%. Við höfðum spáð +0,4%.

Helstu áhrifapættir milli mánaða:

- **Húsnæði án reiknaðrar húsaleigu** (áhrif á vísitölu: +0,14%) hækkaði vegna hækkunar á viðhaldi og viðgerðum á húsnæði í kjölfar uppfærslu vegna kjarasamninga iðnaðarmanna og verkafólks í byggingariðnaði.
- **Flugfargjöld til útlanda** (+0,10% áhrif) hækka alla jafna milli mánaða í júní. Hækkunin var mun minni en við bjuggumst við, hún var minni en bæði í fyrra og árið þar áður.
- Verð á **eldsneyti og olíum** lækkaði um 1,3% (áhrif á vísitölu: -0,11%) milli mánaða í samræmi við verðkönnun okkar.
- **Hótel og veitingastaðir** lækkuðu um 0,98% (áhrif á vísitölu: -0,06%) vegna minni eftirspurnar. Þetta er í fyrsta sinn síðan 2013 sem að þessi liður lækkar milli mánaða í júní, en hann hefur hækkað að meðaltali um 1% milli mánaða í júní á árunum 2014-2018.


Gerum ráð fyrir 3,7% verðbólgu í september

Eins og staðan er í dag reiknum við með óbreyttri vísitölu í júlí og +0,4 í ágúst og +0,4% í september. Gangi spáin eftir verður ársverðbólgan 3,7% í september.

	Vægi í VNV	milli mánaða	tólf mánaða
Matur og drykkjarv.	13,2%	0,3%	4,7%
Áfengi og tóbak	2,4%	0,4%	2,0%
Föt og skór	4,3%	0,6%	2,1%
Húsn. án reikn. húsaleigu	15,0%	0,9%	5,1%
Reiknuð húsaleiga	16,3%	-0,2%	3,4%
Húsgögn og heimilisb.	5,3%	0,8%	4,0%
Heilsa	4,0%	0,0%	1,7%
Ferðir og flutningar - annað	4,2%	0,6%	1,6%
Kaup ökutækja	5,6%	0,2%	5,3%
Bensín og díselolía	3,5%	-1,3%	4,4%
Flugfargjöld til útlanda	1,7%	6,5%	1,8%
Póstur og sími	1,8%	-0,9%	-5,0%
Tómst. og menning	9,9%	0,7%	2,1%
Menntun	0,4%	0,7%	-1,1%
Hótel og veitingast.	5,8%	-1,0%	0,9%
Aðrar vörur og þjónusta	6,6%	0,8%	3,2%

Heimild: Hagstofa Íslands


Framlag undirliða



Heimild: Hagfræðideild Landsbankans, Hagstofa Íslands




Vísitala neysluverðs




Heimild: Hagstofa Íslands

Vísitala neysluverðs




Heimild: Hagstofa Íslands

Verðbólguþá




Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild

Mánaðarbreyting VNV í júní




Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild

Framlag undirliða



Heimild: Hagstofa Íslands

Breyting undirliða á tólf mánaða tímabili



Heimild: Hagstofa Íslands



Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.